

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum frá skipulagsráði Akureyrar hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á reiðvegum í landi Akureyrarkaupstaðar.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B03.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 14. mars 2018.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. apríl 2018